

Fundargerð

170. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 4. febrúar 2015, kl. 13.30 að Furuvöllum 1, Akureyri.

Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar var borin upp, samþykkt og undirrituð.**
2. **Norræn ráðstefna um matvælaeftirlit; haldin í Reykjavík 29. og 30. janúar s.l. Skýrt frá helstu viðfangsefnum á ráðstefnunni.**

Skýrt var frá helstu viðfangsefnum á ráðstefnunni, m.a. var fjallað um alvarlega matarsýkingu í Danmörku á síðasta ári; snertiefni við matvæli og efnagreiningar, tilkynningakerfi vegna alvarlegra frávika, rekjanleika matvæla, framkvæmd innra eftirlits og skipan á opinberu eftirliti með matvælum.

3. **Samningur um innleiðingu og notkun á Ísleyfi; þ.e. gagnagrunnur Matvælastofnunar vegna samræmingar og skráningar matvælaeftirlits.**

Kynntur var samningur á milli Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra um innleiðingu breytinga á eftirlitskerfi og aðgang að eftirlitsgrunninum Ísleyfi til notkunar við opinbert eftirlit með matvælum ásamt leiðbeiningum um áhættuflokkun fyrirtækja og frammistöðuflokkun. Ný skoðunarhandbók er í vinnslu og áætlað að vinnslu hennar ljúki innan skamms.

4. **Undanþága ráðuneytis frá fjarlægðarreglu á jörðinni Sveinbjarnargerði í Svalbarðsstrandarhreppi.**

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti hefur veitt undanþágu frá 4. mgr. 24. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti vegna starfsemi eggjabúsins Bjarnargerðis ehf sem er í um 15 til 100 m fjarlægð frá fasteignum sem nýttar eru til ferðaþjónustu á jörðinni Sveinbjarnargerði II. Undanþágan er háð þeim skilyrðum að væntanlegum gestum gistiheimilisins sé kynnt rækilega að á svæðinu sé rekið eggjabú þannig að viðskiptavinir viti að hverju þeir gangi.

5. **Mengunarslys í Hlíðarfjalli í næsta nágrenni við vatnsverndarsvæði, viðbrögð, lærdómur og úrbætur.**

Skýrt var frá mengunarslysi sem varð nálægt vatnsverndarsvæði í Hlíðarfjalli þann 14. janúar s.l. þar sem 100 til 150 lítrar af dísel olíu fóru niður þegar snjóbíll fór af belti og olíugeymir skemmdist. Þetta atvik er áminning um að skerpa á forvörnum og viðbragðsáætlunum þannig að koma megi í veg fyrir að vatnsból í Hlíðarfjalli spillist; um er að ræða afar mikla hagsmuni. Norðurorka vinnur að tilteknum úrbótum í samstarfi við aðra hagsmunaaðila og heilbrigðiseftirlit. Niðurstöður þessa starfs verða kynntar á næsta fundi heilbrigðisnefndar.

6. Kynning á niðurstöðum hávaðamælinga í bíósólum á Akureyri.

Þórey Agnarsdóttir heilbrigðisfulltrúi skýrði frá niðurstöðum á hávaðamælingum í kvikmyndahúsum á Akureyri og skýrði jafnframt verklagsreglur kvikmyndahúsa varðandi stillingar á hljóðstigi. Niðurstöður hljóðmælinga reyndust vel undir gildandi mörkum.

7. Hávaði frá Vaðlaheiðargöngum; staða mála.

María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi kynnti stöðu mála; dæmi er um misvísandi kvartanir frá tilteknum aðila. Ákveðið var að höfðu samráði við formann heilbrigðisnefndar að afturkalla fyrri ákvörðun um að slökkt verði á loftræsikerfi Vaðlaheiðarganga frá kl. 10 að kvöldi til kl. 02 að nóttu. Fyrirhugað er að endurnýja loftræsikerfi Vaðlaheiðarganga á næstu mánuðum og verður fylgst með þeirri framkvæmd.

Umsagnir:

1. **Skipulagstillögur; breytingar aðalskipulags Norðurþings og deiliskipulag norðurhafnar á Húsavík.**
2. **Breyting á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 og deiliskipulag við Goðafoss.**
3. **Umsögn vegna tillögu að aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 ásamt umhverfisskýrslu.**

Þorkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti umsagnir undir lið 1 og 2 og Alfred Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn undir lið 3.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Gísli Gunnlaugsson, kt. 050955-3469, umsókn um starfsleyfi vegna heimagistingar að Þingvallastræti 2, Akureyri. **Samþykkt.**
2. Gisting Akureyri ehf, kt. 710713-110, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á íbúð að Norðurgötu 43, Akureyri. **Samþykkt.**
3. Aðalsteinn H. Hreinsson, kt. 261066-3519, umsókn um starfsleyfi vegna heimagistingar að Auðnum 1 í Hörgársveit. **Samþykkt. Unnið er að ákveðnum úrbótum á vatnsveitu Auðna.**
4. Stóru Laugar ehf kt. 600201-2630, 650 Þingeyjarsveit. Nýtt hús, viðbót við fyrirliggjandi rekstur. **Samþykkt.**
5. Skútaberg ehf., kt. 510108-0350. Efnisvinnsla úr námu í landi Skúta í Hörgársveit. Nýtt starfsleyfi. **Afgreiðslu frestað og ákveðið að setja umsókn og starfsleyfisskýrði í auglýsingaferli. Þá var rætt um mikilvægi þess að Skútaberg framkvæmi gagngera tiltekt á lóð og athafnasvæði fyrirtækisins í Krossanesi í Akureyrarbæ.**

6. Orkey ehf., kt. 440507-0690, Njarðarnesi 10, 603 Akureyri.
Lífdísselframleiðsla - mörbræðsluhluti. Endurnýjun starfsleyfis.
Hafnað á þeim forsendum að athafnasvæði og tækjabúnaður er ekki í samræmi við gildandi kröfur um mengunarvarnir.
7. Mublur ehf., kt. 451113-0620, Brekkugötu 13.
Trésmíðaverkstæði. Nýtt starfsleyfi. **Samþykkt, enda verði gengið frá loftræsingu í samræmi við starfsskilyrði.**

Önnur mál:

Fyrirhuguð aðalskoðun á opnum leiksvæðum Akureyrarbæjar

Heilbrigðisnefnd lýsir ánægju með að Framkvæmdadeild Akureyrarbæjar ætli að láta framkvæma aðalskoðun af fagildtum aðila á opnum leiksvæðum og hvetur Fasteignir Akureyrarbæjar til þess að láta einnig framkvæma aðalskoðun á leiksvæðum leikskóla og skóla. Minnt er á að sveitafélögin eigi að láta gera árlega aðalskoðun á leiksvæðum, sem ætlað er að staðfesta öryggi leiktækja, undirstöður þess og umhverfis. Heilbrigðisnefnd er ekki heimilt að v eita undanþágu frá ákvæðum reglugerðar um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942/2002.

Ákveðið var að halda næsta fund þann 4. mars n.k.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.45

Pétur Maack Þorsteinsson
formaður

Alfreð Schiöth (fundarritari)

Svanhildur Dóra Björgvinsdóttir

Þorkell Björnsson

Hafsteinn H. Gunnarsson

Þórey Agnarsdóttir

María Markúsdóttir

Fjóla Stefánsdóttir

Jón Torfi Halldórsson

Kristín Halldórsdóttir